



Umhverfisnefnd Garðabæjar
B.t. Guðbjörg Brá Gísladóttir
Garðatorg 7
210 Garðabæ

Garðabær 9. september 2021
HP, PS K-16850

Málið varðar: starfsleyfistillaga fyrir Rio Tinto á Íslandi hf. sem er í umsagnarferli.

Afrit sent á: Bæjarráð

Á síðasta fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var 30. ágúst sl. fór fram ítarleg umfjöllun um starfsleyfistillögu vegna áformaðrar endurnýjunar á starfsleyfi Rio Tinto á Íslandi hf. fyrir álverið í Straumsvík, sjá fundargerð heilbrigðisnefndar á vefslóð eftirlitsins hhk@heilbrigðiseftirlit.is Gildistími áformaðs starfsleyfis eru 16 ár. Samhliða starfsleyfinu á Umhverfisstofnun að samþykka umhverfisvöktunaráætlun fyrir álverið sem gilda á til ársins 2029. Frestur til að veita umsögn um áformað leyfi og áætlunina er til 21. september nk. (sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar, ust@ust.is).

Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir því sl. sumar að fá vöktunaráætlunina til umsagnar áður en hún fór í almennt umsagnarferli og varð stofnunin við þeirri ósk. Í umsögn heilbrigðiseftirlits frá 28. júlí voru gerðar athugasemdir eða komið með ábendingar um ýmsa þætti sem betur mætti fara að mati HHK. Sérstaklega var vakin athygli á að flúormælingar geta bent til þess að Garðaholt í Garðabæ væri einna helst útsett fyrir mengunarálagi frá álverinu. Þar áformar Garðabær að auka byggð. Var það mat heilbrigðiseftirlits að taka ætti upp reglubundnar mælingar á holtinu. Í svarbréfi Umhverfisstofnunar frá 11. ágúst kom fram að ekki yrði fallist á það álit heilbrigðiseftirlits ef frá er talin lítilsháttar aukning í mælingum á gróðri.

Í samþykkt heilbrigðisnefndar sem gerð var á fundi hennar 30. ágúst um umhverfisvöktunaráætlunina segir:

„Heilbrigðisnefnd telur að ýmislegt í umhverfisvöktunaráætlun álversins lýsi miklum og góðum metnaði. Þó þurfi áætlunin að taka meiri breytingum frá fyrri áætlun. Í ljósi væntanlegrar byggðaþróunar og þess að ákvæði um þynningarsvæði hefur verið fellt út, að fyrirtækið hafi heimild Umhverfisstofnunar að tvöfalda framleiðsluna og að umhverfisvöktunaráætlunin á að gilda óbreytt til ársins 2029 kallar á að ákvæði sé um endurskoðun áætlunarinnar. Felur nefndin framkvæmdastjóra að koma á framfæri ábendingum þessa efnis. Setja þarf inn tímasett endurskoðunarákvæði í áætlunina. Að eigi síðar en t.d. 1. október 2023 þurfi að liggja fyrir faglegt mat á staðsetningu loftgæðastöðvar á Hvaleyrarholti og á sama tíma þarf að liggja fyrir ítarleg endurskoðun á gróðurvöktun og á bakgrunnsvöktun. Þá óskar heilbrigðisnefnd eftir því að niðurstöðurnar verði sendar nefndinni til skoðunar og umsagnar. Þá þarf að leggja fram raunhæft mat á þörf vöktunar á Garðaholti“.

Það eru ýmsir þættir í umhverfi álversins sem það lætur vakta. Nefna má efnastyrk í grunnvatni, álag á vistkerfi sjávar í námunda við kerbrotagryfjur, flúor í lofti og í gróðri og styrk brennisteinstvíoxíðs í andrúmslofti.

Athugasemdir heilbrigðisnefndar varða aðeins hluta áætlunarinnar. Mælingar á flúor í gróðri hafa staðið yfir í liðlega hálfa öld með lítið breyttu sniði. Rannsókn Sigrúnar Hrannar Halldórsdóttur umhverfisfræðings leiddi í ljós að rík þörf er á að endurskoða vöktunaráætlunina vegna flúors í gróðri og aðlaga hana betur að nýrri þekkingu og breyttu byggðamynstri. Óbreytt gerir áætlunin ekki ráð fyrir slíkri endurskoðun fyrr en hugsanlega árið 2029. Heilbrigðisnefnd leggur til að innan tveggja ára liggi fyrir endurskoðun á þessum þætti vöktunaráætlunarinnar. Í loftgæðamælistöð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði vaktar álverið flúor í ryki og í andrúmslofti og síðan bæði brennisteinsdíoxíð og brennisteinsvetni. Umhverfisstofnun vaktar köfnunarefnisoxíð og styrk svifryks. Mat heilbrigðisnefndar er að Umhverfisstofnun eigi að gera raunhæft mat á þörf á áþekkri vöktun á Garðaholti með sömu tímamörkum, en áætlunin gerir ekki ráð fyrir endurskoðun. Í umsögn heilbrigðisnefndar um áætlunina er þessi krafa ítrekuð.

Með bréfi þessu er heilbrigðiseftirlitið að upplýsa Garðabæ um þá stöðu sem uppi er. Áformi Garðabær og umhverfisnefndin að fylgja eftir fyrri bókun sinni er frestur til að veita umsögn til og með 21. september nk. Að óska eftir að Umhverfisstofnun og álverið endurskoði gróðurvöktunarpátt áætlunarinnar á næstu tveimur árum getur ekki talist íþyngjandi krafa.

Garðabær gæti með vísan til áformaðrar byggðarþróunar á Garðaholti boðið fram í sinni umsögn að bærinn gæti lagt til aðstöðu fyrir væntanlega mælistöð.

f.h. Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogs.



Hörður Þorsteinsson

framkvæmdastjóri